

Um málskotsréttinn

Eftir Hauk Arnþórsson

Málskotsrétturinn, það að vísa máli til þjóðaratkvæðagreiðslu, er ekki alls staðar fyrir hendi. Þó er Danmörk dæmi um slíkt ríki, en hann var tekinn upp þar á árinu 1953. Hann felur í sér mikið inngrip í hefðbundna stjórn-málaferla fulltrúa-lýðræðisins og afdráttarlaust vald. Hafa verður í huga að beiting hans getur verið á mörkum þess að vera lýðræðisleg og um lýðræðisleg einkenni hans má deila, enda má nota hann til þess að stoppa af ríkisstjórnir sem hafa mikinn meirihluta á þingi, en þurfa e.t.v. að takast á við erfið mál.

Áhrif þjóðaratkvæðagreiðslu

Mikilvægt er að ákveða hvað gerist ef ríkisstjórn tapar þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá virðist eðlilegast að líta svo á að umboð hennar frá þjóðinni hafi verið tekið til baka. Sjá hér á eftir um þátttöku og ákvörðun. Það dregur hreinar línur í pólitíkinni, markar bæði upphaf og endalok og getur nýtt stjórn-málamenn að samningaborðinu. Ef ríkisstjórn situr áfram getur hún



Haukur Arnþórsson

virt niðurstöðuna að nafninu til en fundið máli sínu nýjan farveg og hún á í öllu falli erfið með að framkvæma vilja sem er andstaður hennar eigin. Þá má hugsa sér að margs konar leiðinleg framvinda fari af stað með núningi milli þings og þjóðar og þrátefli.

Vald forseta

Það er óeðlilegt að forseti hafi málskotsrétt. Hann gegnir mikilvægu hlutverki við myndun ríkisstjórna. Vegna stjórnskipulegrar stöðu sinnar getur hann tæpast gengið gegn ríkisstjórn, t.d. ekki í máli sem er í stjórnarsáttmála og leiddi til myndunar ríkisstjórnar. Hann er ekki hlutlaus matsaðili máls. Forsetar hafa heldur ekki beitt málskotsréttinum nema á síðustu árum eftir að sérkennilegt andrúmsloft myndaðist milli embættisins og leiðtoga ríkisstjórna. Forseti getur ekki fylgt málinu eftir á nokkurn hátt, valdbeiting hans væri í tómarúmi.

Aðstaða minnihlutans á Alþingi

Mikilvægast er að málskotsrétturinn sé hjá minnihlutunum á Al-

» Hver á að fara með málskotsrétt og til hvers á hann að leiða?

þingi og er í Danmörku miðað við að 1/3 hluti þingmanna geti boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fyrir því eru mörg rök. Andstaða gegn fyrirætlunum ríkisstjórnar þarf að hafa forystu. Það þarf að vera til staðar aðili sem getur fylgt málinu eftir hjá þingi og þjóð og tekist á við nýja framkvæmd í máli, samið um breytingar eða myndað nýja stefnu, myndað nýjan meirihluta í þinginu eða farið í kosningabaráttu á grundvelli máls sem ríkisstjórn féll á.

Þessu valdi minnihlutans fylgja margir fleiri kostir. Fyrst og fremst fær hann vald til þess að semja sig inn í öll mál ríkisstjórnarinnar og verður ábyrgur í mótun samfélagsreglna. Það myndi breyta ásýnd lýðræðisins hér á landi mikið, s.s. framkvæmd þingfunda. Slík samningsstaða minnihlutans dregur úr hættunni á því að lög frá tíð síðustu ríkisstjórnar séu felld niður eða breytt eftir stjórnarskipti. Lagasetning Alþingis gæti orðið samfelldari og uppbygging innviða samfélagsins líka.

Þessi réttur hefur ekki leitt til tíðra þjóðaratkvæðagreiðslna í Danmörku, raunar bara einnar. Þannig virðast ríkisstjórnir þar draga til baka eða breyta málum sem mæta harðri andstöðu. Varla er hætta á því að minnihluti Alþingis misnoti þennan rétt heldur, það fælist í því mikill ósigur fyrir hann ef mál sem hann vísaði til þjóðaratkvæðis félli ekki, sjá um skilyrði þess í þátttöku og ákvörðun.

Þessi aðstaða á sennilega sinn þátt í því hvað dönsk stjórnarmál hafa þunnit eyra gagnvart rödd almennings. Sterk krafa er í samtímanum um samráð og að verða við samfélagslegum vilja eins og hann birtist í fjölmiðlum og á netinu, en jafnvel má segja að íslenskar ríkisstjórnir síðustu ára séu heldur skeytingarlausar í því efni.

Málskotsréttur með undirskriftum

Margir vilja að málskotsrétturinn sé utan Alþingis og að þjóðaratkvæði sé knúð fram með undirskriftum. En það passar ekki við norræna stjórnkerfið okkar. Þá væri aðila sem ekki ber pólitíska ábyrgð veitt vald, en vald og ábyrgð þurfa að fara saman. Enginn utan Alþingis getur fylgt máli eftir, samið sig inn í það og breytt því efnislega, mótað nýja stefnu

eða annað og margháttaðar vafasamar aðstaður geta komið upp. Ef sigur gegn sitjandi ríkisstjórn er ekki sigur minnihlutans í þinginu er vandséð til hvers hann á að leiða. Það má hugsa sér að hlutverk og staða aðila yrði erfið og jafnvel hlægileg og ekki endilega eðlilegt að framkvæmd í máli breyttist, kosningar yrðu haldnar eða að ríkisstjórn færi frá. Staðan gæti eins vel hindrað pólitíska lausn mikilvægra mála og leitt til þráteflis og núnings milli þings og þjóðar (mál orðið *heit kartafla*).

Um þátttöku og ákvörðun

Til þess að ákvörðun í þjóðaratkvæðagreiðslu sé skuldbindandi þarf ríkan almannavilja og niðurstaðan má ekki byggjast á óvinsældum ríkisstjórnar eða múgæsingu. Því þarf vandaðan aðdraganda og upplýsingu og mikla þátttöku í atkvæðagreiðslunni. Mín tillaga er að miða við meirihlutastuðning í máli en ekki þátttöku í atkvæðagreiðslunni og að hann þurfi að miðast við kosningaþátttöku í síðustu kosningum þegar sitjandi ríkisstjórn fékk umboð sitt. Ef miðað er við 40% af kosningaþátttöku þá þyrfti meirihluti í máli að vera 30% af fjölda á kjörskrá eða hún var síðast 75%.

Höfundur er stjórnsýslufræðingur.